

**Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 15. júní 2017 - R17040185**

<b>Málsnr.</b>	<b>Erindi:</b>	<b>Afgreiðsla:</b>
	<b>Fundargerðir:</b>	
R17010024	Fundargerð 76. fundar svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins frá 12.5.2017	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
	<b>Annað:</b>	
R17010082	Yfirlit innkaupadeildar - maí 2017, dags. 6.6.'17.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R17010233	Afbrotatölfræði, maí 2017.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R17050195	Erindi Íþróttabandalags Reykjavíkur vegna fjölnota íþróttamannvirkja, dags. 24.5.'17.	Sent íþrótt- og tómstundasviði til meðferðar.
R17060065	Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um viðhald á göngubrú yfir Elliðaár í Víðidal, dag. 8.6.'17.	Sent umhverfis- og skipulagsráði til meðferðar.
R17040146	Styrkbeiðni Stígamóta, dags. 11.4.'17.	Sent skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til vinnslu.
R17060102	Styrkbeiðni Ólafs Sveinssonar vegna "Veröld sem var", dags. 13.6.'17.	Sent menningar- og ferðamálasviði til umsagnar.



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

## Fundargerð

76. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 12. maí 2017 kl. 13:00 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mættir:

**Reykjavík:**

**Kópavogsbær:**

Hreiðar Oddsson og Ása Richardsdóttir

**Hafnarfjarðarbær:**

Borghildur Sturludóttir og Eva Lín Vilhjámsdóttir

**Garðabær:**

Sigurður Guðmundsson og Steinþór Einarsson

**Mosfellsbær:**

Bryndís Haraldsdóttir og Ólafur Ingi Óskarsson

**Seltjarnarnesbær:**

Bjarni Torfi Álfþórsson

**Kjósarhreppur:**

G. Oddur Víðison

Hjálmar Sveinsson, Halldór Halldórsson og Stefán Bergmann boðuðu forföll. Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins ritaði fundargerð.

Varaformaður, Hreiðar Oddson, setti fund og stýrði.

### 1. Innkomnar umsagnir við verkefnalýsingar / málsnr. 1702003 / 1703004

Á fundi svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins 10. febrúar sl. var samþykkt verkefnalýsing vegna fyrirhugaðrar breytingar á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040. Lýsing sem dagsett er í febrúar 2017 nær til hágæðakerfis almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu. Á sama fundi var einnig kynnt samgeiginleg verkefnalýsing að aðalskipulagsbreytingum Garðabæjar, Hafnarfjarðakaupstaðar, Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar og Seltjarnarnesbæjar, vegna saman málefnis. Eftir að allar sveitarstjórnir höfðu staðfest ákvörðun um að kynna lýsingu að breytingu svæðisskipulags og aðalskipulags voru verkefnalýsingar kynntar í samræmi við 1. mgr. 23. gr. og 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga 123/2010 frá 10. mars til og með 25. apríl 2017. Tekið var fram í kynningu verkefnalýsinga að fjallað verði samhliða um umsagnir og athugasemdir á báðum skipulagsstigum. Þannig að athugasemd sem berst við svæðisskiplagsbreytingu fær einnig umfjöllun hjá skipulagsnefndum sveitarfélaga og öfugt.

Eftirfarandi umsagnir bárust: frá Baldri Snæ Jónssyni þar sem óskað er eftir svörum við nokkrum spurningum sem lúta aðalega að járnbrautum verði þær fyrir valinu, frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur sem réðleggur hvernig best er að nálgast

lofgæðamælingar úr farstöðvum á höfuðborgarsvæðinu, frá Minjastofnun sem bendir á að fullnægjandi minjaskrá þurfi að liggja fyrir á áhrifasvæði framvæmda eigi stofnunarinnar að geta metið áhrif framkvæmda á fornleifar, hús og mannvirki, frá Samgöngustofu sem gerir að svo stöddu engar athugasemdir, frá skipulagsráði Kópavogs þar sem fram kemur bókun um að Kópavogsbær leggur ofurkapp á að fyrsti áfangi Borgarlínu-verkefnis fari um Smárann sem er í svæðisskipulagi skilgreindur sem svæðiskjarni, frá Skipulagsstofnun sem bendir á mikilvægi þess að við umhverfismat svæðis- og aðalskipulagsbreytinga séu metin áhrif aukinnar uppbyggingar við Borgarlínu á yfirbragð byggðar og nærumhverfið. Einnig leggur Skipulagsstofnun til að tilgreina eigi Landsskipulagsstefnu 2015-2026 þar sem fjallað verður um samræmi við aðrar áætlanir stjórnvalda, frá Umhverfisstofnun sem telur jákvætt að festa í sessi leið sem þjóna á hágæða almenningssamgöngum þar sem slíkt gæti bætt loftgæði, dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda og minnkað þörf fyrir auknar vegafarmkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu og frá Vegagerðinni sem gerir engar athugasemdir.

**2. Framvinduskýrsla COWI um valkostagreiningu / málsnr. 1702003**

Lögð er fram framvinduskýrsla COWI *Recommended Borgarlína alignments*, dagsett í maí 2017.

*Niðurstaða:*

Nefndin þakkar skýrsluna og leggur áherslu á að tillögur að áfangaskiptingu uppbyggingar Borgarlínu mun verða hluti af lokaskýrslu COWI sem mun liggja fyrir í júlí, að lokinni forkynningu.

**3. Vinnslutillaga að breytingu á svæðisskipulagi til afgreiðslu í forkynningu / málsnr. 1702003**

Í samræmi við 2. mgr. 23. gr. skipulagslaga er lögð fram vinnslutillaga að breytingu á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 ásamt drögum að umhverfisskýrslu. Í tillögunni kemur fram lega samgöngu- og þróunarása Borgarlínu á höfuðborgarsvæðinu ásamt leiðbeiningum til sveitarfélaga um setningu viðmiða um aukna uppbyggingu meðfram Borgarlínu.

*Niðurstaða:*

Svæðisskipulagsnefnd vísar tillögunni til forkynningar í samræmi við 2.mgr. 23.gr. og 2.mgr.30.gr.Skipulagslaga. Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu munu forkynna tillögur að samskonar aðalskipulagsbreytingum sameiginlega.

**4. Aðalskipulag Garðabæjar Heiðmörk -auglýst tillaga að breytingu ásamt umhverfismati / málsnr. 1512004**

Í samræmi við 31. gr. skipulagslaga liggur fyrir ósk um umsögn svæðisskipulagsnefndar um auglýsta tillögu að aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016 vegna Heiðmerkur. Svæðisskipulagsnefnd gerði engar athugasemdir við tillöguna á forkynningarstigi en áréttaði að tryggja þyrfti að vatnsverndarmörk væru í samræmi við svæðisskipulagið. Þá er í tillögunni gerð grein fyrir mörkun græna trefilsins og legu græna stígsins í samræmi við svæðisskipulagið Höfuðborgarsvæðið 2040.

*Niðurstaða*

*Að mati svæðisskipulagsnefndar er tillaga að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar*

2004-2016 vegna Heiðmarkar í samræmi við svæðisskipulagið Höfuðborgarsvæðið 2040. Nefndin gerir engar athugasemdir við tillöguna.

**5. Fyrirspurn Landsnets um stefnu svæðisskipulagsins um jarðstrengi / málsnr. 1703006**

Landsnet vinnur að undirbúningi styrkingar rafokrukerfisins milli höfuðborgarsvæðisins og Brennimeis í Hvalfirði. Að því tilefni óskar Landsnet eftir álitum svæðisskipulagsnefndar á því hvort 220 kV jarðstrengur, frá Geithálsi að norðanverðum Hvalfirði, falli að stefnu svæðisskipulagsins en ekki er gert ráð fyrir jarðstreng í aðalskipulagi þeirra sveitarfélaga sem hann mun mögulega liggja um.

*Niðurstaða:*

Samkvæmt svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 eru háspennulínur skipulagsþáttur með miðlungs svæðisbundið gildi og þarf svæðisskipulagsnefnd að meta, í hverju tilviki fyrir sig, hvort breyting á stefnu sveitarfélaga kalli á breytingu svæðisskipulags eða aðalskipulagsbreyting sé nægjanleg (sjá töflu 3 – málsmerðferð einstakra þátta svæðisskipulagsins eftir svæðisbundnu mikilvægi).

Að mati svæðisskipulagsnefndar þá er umrædd framkvæmd það veigamikil að breytingar á legu línunnar kallar á svæðisskipulagsbreytingu óháð því hvort loftlínur eða jarðstrengir verða fyrir valinu. Um er að ræða lagnaleið innan þriggja sveitarfélaga sem getur haft snertifleti ýmsa sameiginlega þætti s.s. útisvistarsvæði.

Næsti fundur svæðisskipulagsnefndar verður föstudaginn 9. júní kl. 14:00.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:15.



Reykjavík, 6. júní 2017  
R17010075

Borgarráð  
Ráðhúsi Reykjavíkur

Málsnr.: R17010082  
Skjalasafn Ráðhúss  
08. júní 2017  
Bréfalykill: 5252

Efni: Skýrsla samkvæmt 37. gr. Innkaupareglna Reykjavíkurborgar  
Um er að ræða lágstbjóðendur nema annað sé tekið fram.

**Yfirlit yfir verkefni innkaupadeildar f.h. skrifstofu elgna- og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar í maí 2017**


Teg. verks / vöru / þjónusta	Seljandi / samn.aðili	Samningsverð	Teg. samn./ samn.tími	Innkaup / útboð / fyrirspurn	Hver tók ákvörðun
Sláttuvél	Vetrarsól ehf	5.700.000	Pöntun	Verðfyrirspurn	skrifstofa reksturs og umhirða borgarlandsins
Sláttuvagn með laufsugu	Brimco ehf	5.400.000	Pöntun	Verðfyrirspurn	skrifstofa reksturs og umhirða borgarlandsins

**Yfirlit yfir verkefni innkaupadeildar f.h. upplýsingatæknideildar Reykjavíkurborgar í maí 2017**

Teg. verks / vöru / þjónusta	Seljandi / samn.aðili	Samningsverð	Teg. samn./ samn.tími	Innkaup / útboð / fyrirspurn	Hver tók ákvörðun
Microsoft Surface Hub	Sensa ehf	6.908.925	Pöntun	Útboð	upplýsingatæknideild

*Guðbjörg Eggertsdóttir*

Guðbjörg Eggertsdóttir  
innkaupadeild Reykjavíkurborgar



# Afbrotatölfræði

maí 2017



Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

# Samantekt

## Aðferð

Í skýrslu þessari eru teknar saman mánaðarlega lykiltölur embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Einungis er um bráðabirgðatölur að ræða. Fjöldinn getur breyst með brotum sem kærð eru seint og því verið frábrugðinn endanlegum tölum.



Hér að neðan er fjöldi afbrota í maí borinn saman við meðalfjölda brota síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan út frá staðalfrávikum. Með því að reikna staðalfrávik er hægt að áætla neðri og efri mörk brota síðastliðna sex og 12 mánuði á undan sem nýtast til þess að leggja mat á hve marktækar breytingarnar í maí eru miðað þessi mörk.

	Apríl 2017	Maí 2017	Staða breytinga m.v. 6 mán.	Staða breytinga m.v. 12 mán.
Hegningarlagabrot	686	714	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður	298	298	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður - innbrot	86	64	Innan marka	Innan marka
Mannráp og líkamsmeiðingar	95	113	Fjölgar	Fjölgar
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	2	6	Fjölgar	Fjölgar
Kynferðisbrot	12	21	Fjölgar	Innan marka
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	0	3	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	125	138	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	28	14	Mikil fækkun	Mikil fækkun
Fíkniefni	135	135	Fjölgar	Fjölgar
Umferðarlagabrot	1.074	1.177	Mikil fjölgun	Fjölgar
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	144	133	Fjölgar	Fjölgar
Ölvun við akstur	104	85	Innan marka	Innan marka
Innbrot á heimili	28	19	Innan marka	Innan marka



# Hegningarlagabrot

- Skráðar voru 714 tilkynningar um hegningarlagabrot í maímánuði. Tilkynningum fjölgaði á milli mánaða.
- Skráð hegningarlagabrot í maí voru innan útreiknaðra marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hefur tilkynntum hegningarlagabrotum fækkað um samanborið við tvö prósent samanborið við meðaltal síðustu þriggja ára á undan.



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



Hegningarlagabrot	Maí 2017	Meðalt.	Mörk	Breyting frá meðalt.	Staða breytinga	
			Neðri	Efri	%	
6 mánaða meðaltal	714	687	638	735	8	1%
12 mánaða meðaltal	714	706	654	735	28	4%
			Innan marka	Innan marka		





# Þjófnaðir

- Skráð var 298 tilkynning um þjófnað í maí.
- Fjöldi tilkynnta þjófnaða í maí voru innan útreiknaðra marka fyrir fjölda síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Á milli mánaða fjölgaði tilkynningum um hnúpl og þjófnuðum á farsímum og reiðhjólum. Tilkynningum um innbrot og annars konar þjófnaði fækkaði.
- Það sem af er ári hefur tilkynningum um þjófnaði fækkað um fimm prósent samanborið við meðalfjölda síðustu þriggja ára á undan.





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Þjófnaður	Maí 2017		Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga	
	Meðalt.	Neðri	Efri	+/-	%	Innan marka	Innan marka	
6 mánaða meðaltal	298	280	328	-6	-2%	Innan marka	Innan marka	
12 mánaða meðaltal	298	288	338	-15	-5%	Innan marka	Innan marka	



# Innbrot

- Í maí bárust 64 tilkynningar um innbrot til lögreglu. Tilkynntum brotum fækkaði á milli mánaða.
- Fjöldi tilkynnta innbrota voru innan útreiknaðra marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hefur tilkynningum um innbrot fækkað um fimm prósent samanborið við meðaltal síðustu þriggja ára á undan.





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Innbrot	Maí 2017	Meðalt.	Mörk Neðri	Efri	Breyting frá meðalt.	Staða breytinga
					+/- %	
6 mánaða meðaltal	64	76	60	92	-12	Innan marka
12 mánaða meðaltal	64	68	54	83	-4	Innan marka



# Ofbeldisbrot

- Í maí bárust 113 tilkynningar um ofbeldisbrot. Tilkynningum fjölgaði á milli mánaða.
- Skráðum ofbeldisbrotum fjölgaði miðað við útreiknuð efri mörk síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa 19 prósent fleiri tilkynningar um ofbeldisbrot borist lögreglu samanborið við meðaltal fyrir sama tímabil síðustu þriggja ára á undan.



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Ofbeldisbrot	Maí 2017	Meðalt.	Mörk	Breyting frá meðalt.	Staða breytinga
6 mánaða meðaltal	113	100	130	13	Fjölgar
12 mánaða meðaltal	113	99	147	14	Fjölgar



Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

# Ofbeldi gagnvart lögreglumanni



## Ofbeldi gagnvart lögreglumanni

- Í maí voru skráð sex tilvik þar sem lögreglumaður var beittur ofbeldi.
- Það sem af er ári hafa verið skráð um 19 prósent fleiri tilvik þar sem lögreglumaður var beittur ofbeldi miðað við meðaltal síðustu þriggja ára á undan.


## Hótun um ofbeldi gagnvart lögreglumanni

- Í maí voru skráð fjögur tilvik þar sem lögreglumanni var hótað ofbeldi.
- Það sem af er ári hafa verið skráð um 34 prósent fleiri tilvik en að meðaltali síðustu þrjú ára áður.

## Ofbeldi gagnvart lögreglumanni



## Hótun um ofbeldi gagnvart lögreglumanni



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.




Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu


# Kynferðisbrot—dags. brots

- Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu barst 21 tilkynning um kynferðisbrot sem áttu sér stað í maí.
- Fjöldi tilkynninga um kynferðisbrot í maí fjölgaði miðað við útreiknuð efri mörk síðustu sex mánaða á undan, en eru innan útreiknaðra mark síðustu 12 mánaða á undan.
- Tilkynningar um kynferðisbrot voru um 11 prósent færri samanborið við meðalfjölda fyrir sama tímabil árin 2014 til 2016.

Hér er fyrir neðan er fjöldi kynferðisbrota sem áttu sér stað í hverjum mánuði fyrir sig á tímabilinu.



■ Fjöldi ..... 3 mánaða meðaltal ..... 12 mánaða meðaltal



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



Kynferðisbrot	Maí 2017	Meðalt.	Mörk	Breyting frá meðalt.	Staða breytinga
			Neðri	+/-	%
6 mánaða meðaltal	21	16	11	20	35%
12 mánaða meðaltal	21	18	11	4	20%
			Efri		
					Fjölgar
					Innan marka



# Kynferðisbrot—dags. tilkynnt

- Tilkynnt var um 32 kynferðisbrot í maí. Tilkynningum fjölgaði á milli mánaða.
- Fjöldi tilkynnta kynferðisbrota í maí voru innan marka fyrir síðustu sex mánuði á undan, en fjölgaði miðað við reiknuð efri mörk fyrir síðustu 12 mánuði á undan.
- Tilkynntum kynferðisbrotum hefur fækkað um fjögur prósent miðað við meðaltal fyrir sama tímabil síðustu þriggja ára á undan.

Hér er fyrir neðan er fjöldi kynferðisbrota sem voru tilkynnt í hverjum mánuði fyrir sig, burt séð frá því hvenær brotið átti sér stað.




Fjöldi brota það sem af ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Kynferðisbrot	Maí 2017	Meðalt.	Mörk Neðri	Mörk Efri	Breyting frá meðalt. +/- %	Staða breytinga
6 mánaða meðaltal	32	24	15	33	8 32%	Innan marka
12 mánaða meðaltal	32	22	13	32	10 43%	Fjölgar





# Heimilisofbeldi

- Alls bárust 66 tilkynningar um heimilisofbeldi í maí.
- Fjöldi tilkynninga um heimilisofbeldi voru innan marka miðað við fjölda síðustu sex mánaða á undan, en fjölgaði miðað við út-reiknuð efri mörk fyrir síðustu 12 mánuði á undan.
- Tilkynningum um heimilisofbeldisbrot hefur fjölgað um 37 prósent það sem af er ári miðað við meðaltal síðustu þriggja ára á undan.





Heimilisofbeldi	Maí 2017	Meðalt.	Mörk	Breyting frá meðalt.	Staða breytinga	
			Neðri	Efri	%	
6 mánaða meðaltal	66	55	43	67	11	20%
12 mánaða meðaltal	66	55	45	64	12	21%
						Innan marka
						Fjölgar



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

# Leit að týndum ungmennum

- Alls barst 31 beiðni um leit að týndum börnum og ungmennum í maí.
- Í maí fjölgaði beiðnum um leitir miðað við síðustu útreiknuð efri mörk fyrir síðustu sex mánuði og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa borist 67 prósent fleiri leitarbeiðnir en bárust að meðaltali síðustu tvö ár á undan.





Fjöldi verkefna það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.





# Eignaspjöll

- Í maí var skráð 141 tilkynning um eignaspjöll.
- Í maí fjölgaði tilkynningum um eignaspjöll mikið miðað við útreiknuð efri mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa borist tíu prósent fleiri tilkynningar um eignaspjöll samanborið við meðalfjölda síðustu þriggja ára á undan.
- Á milli mánaða fjölgaði tilkynningum um allar tegundir eignaspjalla.




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.




# Nytjastuldur ökutækja

- Skráðar voru 14 tilkynningar um nytjastuld á vélknúnum farartækjum í maí.
- Fjöldi tilkynninga um nytjastuldi fækkaði mikið í maí miðað við útreiknuð neðri mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa borist um 18 prósent færri tilkynningar um nytjastuldi miðað við meðalfjölda síðustu þriggja ára á undan.



Nytjastuldir	Maí 2017	Meðalt.	Mörk	Breyting frá meðalt.	Staða breytinga
6 mánaða meðaltal	14	26	24	-12	Mikil fækkun
12 mánaða meðaltal	14	27	21	-13	Mikil fækkun
				%	
				-46%	
				-48%	




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



# Fíkniefnabrot

- Í maí voru skráð 138 fíkniefnabrot á höfuðborgarsvæðinu. Skráðum brotum fækkaði um eitt á milli mánaða.
- Skráðum fíkniefnabrotum fjölgaði miðað við reiknuð efri mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Skráð voru þrjú stórfelld fíkniefnabrot í maí.\*
- Það sem af er ári hafa verið skráð um sjö prósent færri fíkniefnabrot samanborið við meðalfjölda sama tímabils síðustu þriggja ára.




Fíkniefni	Maí 2017	Meðalt.	Mörk Neðri	Mörk Efri	Breyting frá meðalt.	Staða breytinga
					+/-	%
6 mánaða meðaltal	135	113	100	126	22	20%
12 mánaða meðaltal	135	116	103	129	19	17%

14

\* Hafa ber í huga að fíkniefnabrot eru oft skilgreind sem stórfelld seinna á rannsóknartígi og því geta tölur hér tekið breytingum á milli skýrslina.



Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

# Umferðarlagabrot

- Skráð voru 1.177 umferðarlagabrot\* í maí. Skráðum umferðarlagabrotum fjölgaði á milli mánaða.
- Skráðum umferðarlagabrotum fjölgaði miðað við reiknuð efri mörk fyrir síðustu sex mánuði og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa verið skráð um fimm prósent færri umferðarlagabrot samanborið við meðalfjölda fyrir sama tímabili síðustu þriggja ára á undan.



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Umferðarlagabrot	Maí 2017	Meðalt.	Mörk	Breyting frá	Staða breytinga
			Neðri	+/-	%
6 mánaða meðaltal	1.177	821	673	357	43%
12 mánaða meðaltal	1.177	917	699	260	28%
					<b>Mikil fjölgun</b>
					<b>Fjölgar</b>



# Akstur undir áhrifum




## Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna

- Skráð voru 133 brot þar sem ökumaður var grunaður um akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna í maí.
- Skráðum brotum fjölgaði í maí miðað við útreiknuð eftir mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Brotum hefur fjölgað um 48 prósent það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára.

## Ölvun við akstur


- Í maí voru skráð 85 brot þar sem ökumaður var grunaður um ölvun við akstur. Skráðum brotum fækkaði á milli mánaða.
- Skráð brotum í maí eru innan útreiknaðra marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Brotum hefur fjölgað um 34 prósent samanborið meðalfjölda fyrir sama tímabili síðustu þriggja ára á undan.

■ Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna  
■ Ölvun við akstur



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

■ Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna  
■ Ölvun við akstur



Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

# Þróun á löggæslusvæði 1

- Hér er fjöldi afbrota í maí borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjú mánuði á svæði lögreglustöðvar 1, sem nær yfir Miðborg, Vesturbæ, Seltjarnarnes, Háaleiti, Hlíðar og Laugardal.

	Apríl 2017	Mái 2017	Staða breytinga m.v. 6 mán.	Staða breytinga m.v. 12 mán.
Hegningarlagabrot	353	329	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður	164	150	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður - innbrot	41	32	Innan marka	Innan marka
Manndráp og líkamsmeiðingar	49	50	Innan marka	Innan marka
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	2	1	Fækkar	Innan marka
Kynferðisbrot	5	7	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	0	3	Innan marka	Fjölgar
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	73	62	Innan marka	Fjölgar
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	12	7	Fækkar	Innan marka
Fíkniefni	49	56	Mikil fjölgun	Fjölgar
Umferðarlagabrot	433	468	Mikil fjölgun	Fjölgar
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	63	50	Fjölgar	Fjölgar
Ölvun við akstur	49	43	Innan marka	Innan marka
Innbrot á heimili	19	5	Innan marka	Innan marka
Slys	19	15	Innan marka	Innan marka



# Þróun á löggæslusvæði 2

- Hér er fjöldi afbrota í maí borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjá mánuði á svæði lögreglustöðvar 2, sem nær yfir Hafnarfjörð, Garðabæ og Álftanes.

	April 2017	Maí 2017	Staða breytinga m.v. 6 mánuði	Staða breytinga m.v. 12 mánuði
Hegningarlagabrot	98	91	Innan marka	Innan marka
þjófnaður	34	31	Innan marka	Innan marka
þjófnaður - innbrot	10	6	Innan marka	Innan marka
Manndráp og líkamsmeiðingar	13	18	Fjölgar	Innan marka
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	0	0	Innan marka	Innan marka
Kynferðisbrot	1	5	Mikil fjölgun	Fjölgar
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	0	0	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	12	18	Innan marka	Innan marka
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	6	3	Innan marka	Fækkar
Fíkniefni	26	30	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Umferðarlagabrot	220	226	Fjölgar	Innan marka
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	28	20	Innan marka	Innan marka
Ölvun við akstur	14	9	Mikil fækkun	Mikil fækkun
Innbrot á heimili	1	1	Innan marka	Innan marka
Slys	12	9	Innan marka	Innan marka



# Þróun á löggæslusvæði 3


- Hér er fjöldi afbrota í maí borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjú mánuði á svæði lögreglustöðvar 3, sem nær yfir Breiðholt og Kópavog.

	Apríl 2017	Maí 2017	Staða breytinga m.v. 6 mánuði	Staða breytinga m.v. 12 mánuði
Hegningarlagabrot	129	174	Fjölgar	Fjölgar
Þjófnaður	61	79	Fjölgar	Fjölgar
Þjófnaður - innbrot	20	13	Fækkar	Innan marka
Manndráp og líkamsmeiðingar	15	23	Fjölgar	Fjölgar
Ófbelldi gagnvart lögreglumanni	0	4	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Kynferðisbrot	3	4	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	0	0	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	19	29	Mikil fjölgun	Fjölgar
Nýttjastuldur vélknúinna farartækja	7	1	Mikil fækkun	Mikil fækkun
Fíkniefni	21	32	Fjölgar	Fjölgar
Umferðarlagabrot	182	233	Mikil fjölgun	Fjölgar
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	29	41	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Ölvun við akstur	20	20	Innan marka	Innan marka
Innbrot á heimili	4	5	Innan marka	Innan marka
Slýs	9	9	Innan marka	Innan marka





# Þróun á löggæslusvæði 4



- Hér er fjöldi afbrota í maí borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjá mánuði á svæði lögreglustöðvar 4, sem nær yfir Árbæ, Grafarvog, Grafarholt, Mosfellsbæ, Kjalarnes og Kjósarhrepp.

	Apríl 2017	Mái 2017	Staða breytinga m.v. 6 mánuði	Staða breytinga m.v. 12 mánuði
Hegningarlagabrot	91	104	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður	31	35	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður - innbrot	15	13	Innan marka	Innan marka
Manndráp og líkamsmeiðingar	17	20	Innan marka	Innan marka
Ófbeldi gagnvart lögreglumanni	0	1	Innan marka	Innan marka
Kynferðisbrot	2	4	Mikil fjölgun	Innan marka
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	0	0	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	20	26	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	3	2	Innan marka	Innan marka
Fíkniefni	38	15	Mikil fækkun	Mikil fækkun
Umferðarlagabrot	231	244	Fjölgar	Fjölgar
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	24	22	Innan marka	Innan marka
Ölvun við akstur	20	13	Innan marka	Innan marka
Innbrot á heimili	3	5	Innan marka	Innan marka
Slys	5	7	Innan marka	Innan marka





# ÍÞRÓTTABANDALAG REYKJAVÍKUR

Málsnr.: R17050195  
Skjalasafn Ráðhúss  
29. maí 2017  
Bréfalykill: 3506

Borgarstjóri  
Hr. Dagur B Eggertsson

Reykjavík 24. maí 2017

## Efni: Fjölnota íþróttamannvirki

Á þingi Íþróttabandalags Reykjavíkur þann 23. mars s.l. var samþykkt að fela stjórn ÍBR að fylgja eftir hugmynd um að byggt verði fjölnota íþrótt- og viðburðahús í Laugardal. Um nokkurt skeið hefur starfshópur á vegum ÍBR unnið að greiningu á þörf á íþróttamannvirkjum í borginni, helstu niðurstöður þeirrar vinnu voru að mikil þörf er á knattspyrnuhúsi miðlægt í Reykjavík, að brýnt sé að leysa þörf ýmissa smærri greina og að mikilvægt sé að fá hús sem getur hýst stærri viðburði og tilfallandi verkefni. Við frekari úrvinnslu á niðurstöðum mótaðist sú sýn að best færi á því að reist væri fjölnota íþrótt- og viðburðahús í Laugardal. Það er sú sýn sem þing ÍBR hefur falið stjórn ÍBR að vinna að. Slíkt hús vel hannað og vel staðsett miðsvæðis í borginni myndi leysa úr fjölda mála sem nú brenna á hreyfingunni, en húsið mun líka opna heilan heim tækifæra fyrir íþróttahreyfinguna og skipuleggjendur viðburða og mun þannig auðga mannlíf í borginni. ÍBR leggur til að húsið verði staðsett suðaustan við Laugardalshöll, meðfram Suðurlandsbraut. Laugardalurinn er af flestum talinn besta staðsetningin fyrir mannvirkid, ástæðan er lega dalsins miðsvæðis í borginni, við eina af megin umferðaræðum og þróunarás borgarinnar, þar sem borgarlína mun í framtíðinni fara um, nálægð við önnur íþróttamannvirki (gefur t.a.m. möguleika á ýmsu samstarfi, m.a. um mjög stóra viðburði eða sýningar) og þá er fjöldi hótela/gistiheimila í nágrenninu lyklatríði. Fram hafa komið áhugaverðar hugmyndir um eignarhald, fjármögnun og rekstrarfyrirkomulag mannvirkisins sem miða að því að lágmarka verulega kostnað borgarinnar við uppbygginguna. Upplagt væri að tímasetja framkvæmdir með tilliti til framkvæmda við Suðurlandsbraut í tengslum við breytingar á götunni vegna borgarlínu. Stjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur óskar hér með eftir formlegum viðræðum við Reykjavíkurborg um byggingu fjölnota íþróttahúss við Suðurlandsbraut.

Með kveðju,  
f.h. ÍBR

Ingvar Sverrisson  
Formaður

***BORGARRÁÐ 8. júní 2017: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um viðhald á göngubrú yfir Elliðaár í Víðidal - R17060065***

Lagt er til að ráðist verði í lagfæringar á göngubrúnni yfir Elliðaár í Víðidal, neðan Breiðholtsbrautar. Brúin er illa farin og ráðast þarf í lagfæringar og viðhald á brúnni sem fyrst í þágu gangandi og hjólandi vegfarenda. Æskilegt að þannig verði gengið frá brúnni að hún verði fær fötluðum sem og fólki með barnavagna.

Til borgarráðs

Frá Guðrúnu Jónsdóttur talskonu Stígamóta

Reykjavík 11.4.2017

## Ósk um styrk til þess að mæta mikilli fjölgun þjónustuþega hjá Stígamótum


Ágæta borgarráðsfólk.

Eins og flestum er kunnugt réðust Stígamót í öflugt vitundarvakningar- og fjáröflunaráttak í nóvember á síðasta ári. Um var að ræða mikið auglýsingaáttak á netinu og þriggja tíma fjáröflunardagskrá á Stöð 2 þann 18. nóvember. Í forgrunni var sterkt Stígamótafólk sem hafði verið beitt grófum mannréttindabrotum, en leitaði hjálpar hjá okkur og hafði aukið lífsgæði sín umtalsvert.

Átakið gekk vel og söfnunin mun skila 60 milljónum króna næstu þrjú árin vegna fjölgunar mánaðarlegra styrktaraðila. Fjármagnið skyldi nýtast í þau fjölmörgu og brýnu verkefni sem við vildum svo gjarnan sinna, en höfum ekki getað annað. Má nefna fræðsluverkefni, verkefni til þess að ná til erlendra kvenna og unglinga og bætt þjónusta utan höfuðborgarsvæðisins.

Það sem kom á óvart var að það varð gífurleg aukning í aðsókn og fram á þennan dag höfum við engan veginn getað annað henni. Um var að ræða 12.7% aukningu og 372 nýir brotapolar leituðu aðstoðar á árinu. Slík tala hefur ekki sést hér síðan árið 1992 þegar hvergi var hjálp að fá. Allir kraftar hafa farið í að þjónusta það fólk sem leitað hefur til okkar og öll þau verkefni sem hugmyndin var að ráðast í biða. Biðtími hefur aldrei verið lengri. Aukning í aðsókn kom ekki síst úr Reykjavík og við bættust 58 nauðgunarmál frá konum miðað við það sem verið hefur. Frá áramótum hefur fjöldinn haldist mikill, þó nokkuð sé liðið frá áttárinu.

Það er augljóst að fjölga þarf um stöðugildi til þess að anna daglegri viðtalsþjónustu. Stígamót óska eftir því við borgarráð að borgin auki fjárframlög til Stígamóta þetta árið um upphæð sem nemur einu stöðugildi. Launin hjá Stígamótum eru 558.515 kr. Og við bætast svo launatengd gjöld upp á 113.221 kr. Heildarkostnaður á ársgrundvelli eru því 8.060.000 kr.



Aðsókn á Stígamótum eftir mánuðum árið 2016

Með vinsemd og virðingu

f.h. Stígamóta

*Guðrúna Jónsdóttir*

Laugavegi 170  
105 Reykjavík

Símar 562 68 68  
800 68 68

stigamot@stigamot.is  
stigamot.is



R17040146



Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið

Reykjavík, 16. maí 2017  
VEL2017050024

Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð  
Tjarnargata 11  
101 Reykjavík

***Beiðni um umsögn vegna Stígamóta***

Meðfylgjandi er umsögn skrifstofustjóra ráðgjafar á velferðarsviði vegna beiðni Stígamóta um viðbótarfjárveitingu. Eins og kemur fram í umsögninni þá er í gildi samningur á milli velferðarsviðs og Stígamóta um árlegt framlag á árunum 2016 til 2018 vegna þjónustu samtakanna við þolendur kynferðisofbeldis.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in cursive script, reading "Regína Ásvaldsdóttir".

Regína Ásvaldsdóttir  
sviðsstjóri



## Umsögn vegna óska Stígamóta um styrk til að mæta mikilli fjölgun þjónustuþega

Í bréfi Stígamóta dags 11.04.17. kemur fram að í kjölfar vitundavakningar og fjáröflunarátaks í nóvember 2016 varð 12,7% aukning frá fyrra ári á aðsókn til Stígamóta. Á árinu 2016 leituðu 372 nýir brotapolar aðstoðar (42 fleiri en á árinu 2015) sem er meiri aukning en Stígamót hefur séð frá árinu 1992. Aukning í aðsókn kom ekki síst úr Reykjavík og við bættust 58 nauðgunarmál miðað við það sem verið hefur. Að mati Stígamóta er nauðsynlegt að auka við stöðugildi svo hægt sé að anna daglegri viðtalsþjónustu og því er óskað eftir auknum fjárframlögum frá Reykjavíkurborg að upphæð kr. 8.06 m.kr.

Fyrirnefnd söfnun skilaði Stígamótum 60 m.kr. næstu þrjú árin sem m.a. á að nýta til fræðsluverkefna, að ná til erlendra kvenna og unglunga og þjónustu utan höfuðborgarsvæðisins.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar og Stígamót hafa gert með sér samstarfssamning á grundvelli styrkveitingar um þjónustu við Reykvíkingsa sem beittir hafa verið kynferðislegu ofbeldi. Upphæð samningsins er 12 m.kr. á ári. Gildistími samningsins er 1. janúar 2016 til 31. desember 2018. Samningurinn tekur til 7 þjónustuþátta.

- Ráðgjöf: kr. 5.610.000r. fyrir 1700 viðtöl kr. 3.300 pr. viðtal.
- Sjálfshjálparhópar: kr. 890.000
- Forvarnarstarf: kr. 850.000 .
- Fræðsla: kr. 750.000
- Símaþjónusta: kr. 900.000
- Þjónusta við fatlað fólk: kr. 2.000.000
- Þjónusta við karla: kr. 1.000.000


Í fyrri samningi sem nam kr. 13.614.683 á ársgrundvelli var innifalin 5 m.kr. greiðsla vegna Kristínarhúss, sem nú er ekki lengur starfandi, auk 2.914.683 m.kr. styrks vegna niðurgreiðslu húsaaleigu. Hlutur ráðgjafarþjónustu og fræðslu hefur því aukist frá fyrri samningi.

Í ársskýrslu Stígamóta fyrir árið 2016 kemur fram að af þeim einstaklingum sem leituðu til Stígamóta á árinu 2016 bjuggu 181 af 338 í Reykjavík eða 53.6%. Heildarfjöldi viðtala Stígamóta á árinu 2016 var 2.249 en samkvæmt samningi greiðir Reykjavíkurborg fyrir 1700 viðtöl eða 75% af heildarfjölda viðtala. Ekki er vitað hvernig viðtalafjöldi skiptist eftir búsetu.

Ljóst er að Stígamót gegna mikilvægri þjónustu fyrir íbúa landsins. Með aukinni vitundavakningu í þjóðfélaginu aukast líkur á því að einstaklingar sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi leiti sér aðstoðar, sem hlýtur að teljast jákvætt. Stígamót eru einnig samstarfsaðilar að verkefninu „Bjarkahlíð þjónustumiðstöð fyrir þolendur ofbeldis“.

Það er mat velferðarsviðs að með núverandi styrkveitingu til Stígamóta ætti að vera hægt að mæta þörfum reykvískra íbúa fyrir þjónustu ef horft er til fjölda ráðgjafaviðtala. Hins vegar virðist vera aukið ákall eftir annarri þjónustu Stígamóta sem samtökin telja sig ekki geta mætt með núverandi fjárveitingum auk 60 m.kr. sem söfnuðust í kjölfar vitundavakningar.

Virðingarfyllt

A handwritten signature in cursive script, reading "Kristjana Gunnarsdóttir", written in black ink on a white background.

Kristjana Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Anna Kristinsdóttir

---

### *Styrkbeiðni frá Stígamótun-fjölgun þjónustupega*

Í bréfi dags. 11. apríl 2017 óska **Stígamót** eftir styrk frá Reykjavíkurborg til að mæta mikilli fjölgun þjónustupega hjá Stígamótum.

Fram kemur í umsókninni að aðsóknin síðasta ár jókst um 12,7% og að 372 nýir brotapolar hafi leitað aðstoðar á árinu. Fjölgunin kom í kjölfar vitundarvakningar og fjáröflunarátaks Stígamóta sem fram fór í nóvember á síðasta ári.

Það kemur einnig fram í bréfinu að átakið muni skila 60 milljónum króna næstu þrjú árin og þrátt fyrir að Stígamót hafi ætlað fjármagnið sem safnaðist í það m.a. að sinna fræðslu þá hljóta þessar aðstæður að kalla á breytta forgangsroðun.

Stígamót fara fram á það við Reykjavíkurborg að hún leggi til eitt stöðugildi til að anna auknu álagi í daglegri viðtalsþjónustu eða rúmar 8 milljónir kr.

Reykjavíkurborg styrkir nú þegar Stígamót skv. samstarfssamningi þar um að fjárhæð 12 milljón kr. á ári. Samningurinn er milli Velferðarsviðs og Stígamóta og gildir frá 1. jan. 2016 til 31. des. 2018.

Stígamót gegna mikilvægri þjónustu við þolendur ofbeldis en það fjármagn sem nú þegar er veitt til verkefnisins ætti að vera nægjanlegt til að sinna þeirri þjónustu. Lagt til að beiðninni sé hafnað.

Með kveðju  
Anna Kristinsdóttir  
Mannréttindastjóri



From: "olafur sveinsson" <[o\\_sveinsson@hotmail.com](mailto:o_sveinsson@hotmail.com)>

Date: Tue, Jun 13, 2017 at 9:24 AM +0000

Subject: Kárahnjúkavirkjun - 10 ára afmæli - mynd frumsýnd og stór dagskrá

To: "Sigurður Björn Blöndal" <[sbb@reykjavik.is](mailto:sbb@reykjavik.is)>

Sæll Björn,

Í tilefni af því að í haust eru 10 ár liðin frá því Kárahnjúkavirkjun var tekin í notkun og frumsýningu heimildarmyndar eftir mig "Veröld sem var" um Kárahnjúkavirkjun en þó umfram allt það einstaka landsvæði sem þar var fórnarð, hef ég ásamt öðrum skipulagt stóra dagskrá með ljósmynda- og blönduðum sýningum, auk málþings, lítillar kvikmyndahátíðar í bíó Paradís og tónleika í samstarfi við Framtíðarlandið, Norræna húsið og Háskóla Íslands og svo auðvitað fjölda fólks. Þetta verður mjög stórt event eða hátíð til að minna á mikilvægi náttúruverndar og krefjast þess að stofnaður verði hálendisþjóðgarður. Ég sendi einnar síðu lýsingu sem viðhengi bæði sem pdf og wordskjal af því einhverjir frá borginni áttu í erfiðleikum með að opna pdf skjalið, en get einnig sent mun ítarlegri lýsingu á dagskránni sé þess óskað

Reykjavíkurborg var einn eiganda Landsvirkjunar þegar samþykkt var að byggja Kárahnjúkavirkjun. Því er við hæfi að Reykjavíkurborg styrki dagskrá sem að fjallar um Kárahnjúkavirkjun og munum við fara þess á leit við Borgarráð að það styrki þetta verkefni um allt að 1.000.000 krónur. Heildarkostnaður er áætlaður 6,5 milljónir og þar af leggjum við 2 milljónir fram. Ég myndi gjarnan ná tali af þér til að kynna verkefnið. Er búsettur erlendis en er hér á landi þessa viku. Uppúr aldamótum gerði ég tvær heimildamyndir á Íslandi "Braggabúar" um íbúa braggabyggðarinnar í Reykjavík og "Hlemm" um fastagestina á Hlemmi. Borgarráð styrkti "Braggabúa" á sínum tíma.

Virðingarfyllt

Ólafur Sveinsson



## Kárahnjúkavirkjun - 10 ára afmæli



Þann 30. nóvember næstkomandi verða 10 ár liðin frá því Kárahnjúkavirkjun, stærsta, dýrasta og umdeildasta framkvæmd Íslandssögunnar, var formlega tekin í notkun. Bygging hennar og baráttan gegn henni mörkuðu ekki aðeins tímamót í baráttu íslenskra náttúruverndarsinna fyrir verndun hálendisins, heldur var líka vendlipunktur í viðhorfum stórs hluta þjóðarinnar til stórkarlalegra virkjanaframkvæmda fyrir erlenda stóriðju sem malar gull fyrir eigendur sína, af því Íslendingar sem eiga auðlindina, gefa þeim arðinn af henni, en sitja sjálfir uppi með skuldirnar. Virkjanasvæði Kárahnjúkavirkjunar var stærsta ósnortna víðerni Evrópu allt þar til framkvæmdir hófust 2002. Það átti engan sinn líka á Íslandi, frekar en Þingvellir, Mývatn, Jökulsárgljúfur, Askja, Skaftafell og Torfajökulssvæðið svo nokkrar af helstu náttúruperlum landsins, sem sjálfsagt þykir að vernda, séu taldar upp. Áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar var þó mun stærra og fjölbreyttara en öll þessi svæði og án efa eitt magnaðasta útivistarsvæði landsins sem sameinaði allt í senn; stórbrotið landslag, gróskukmikinn gróður og fjölbreytt dýralíf.

Í tilefni af 10 ára afmæli virkjunarinnar og frumsýningu heimildarmyndarinnar *Veröld sem var* sem fjallar um Kárahnjúkavirkjun og byggingu hennar en þó umfram allt það einstaka landslag sem þar var fórnað fyrir erlenda stóriðju, hefur leikstjórinn Ólafur Sveinsson skipulagt stóra dagskrá tengda Kárahnjúkavirkjun sem haldin verður síðari hluta október í samstarfi við Framtíðarlandið, Norræna húsið, Háskóla Íslands og fjölda fólks sem hefur látið virkjunina, verndun hálendisins sem og fjárhags- og samfélagsleg álitamál tengd stóriðjunni sig nokkru varða. Stór ljósmyndasýning með myndum nokkura bestu landslagsljósmyndara landsins, þar á meðal RAX og Jóhanns Ísberg, af áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar fyrir og eftir virkjun, verður haldin í Hörpu. Stór sýning í Norræna húsinu sýnir baráttu þriggja ólíkra hópa gegn Kárahnjúkavirkjun á virkjanasvæðinu sjálfu. Þar fór fremstur í flokki Ómar Ragnarsson sem setti sig nánast á hausinn í tilraunum sínum við að sannfæra Íslendinga um verndargildi þessa einstaka svæðis og uppskar reiði valdamikilla manna sem kröfðust þess ítrekað að hann yrði rekinn frá Sjónvarpinu. Auk frumsýningar *Veröld sem var*, verða íslenskar heimildamyndir frá 20 ára tímabili sem tengjast náttúruvernd og áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar sýndar í Bíó Paradís. Myndum og myndskaiðum frá áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar verður varpað með stórum myndvörpum á háa húsgafla og stórar byggingar í Reykjavík. Málþing um Kárahnjúkavirkjun, orkufrekan iðnað og breytt verðmætamat í sögunnar rás verður haldið í Veröld húsi Vigdísar, nýju og einkar glæsilegu húsi Háskóla Íslands. Stefnt er að því að sýningarnar verði ekki aðeins settar upp í Reykjavík heldur einnig utan höfuðborgarsvæðisins eins og á Akureyri og Egilstöðum og einnig þar verði þeim fylgt eftir með fyrirlestur, bíósýningum og umræðum.

Viðhorfin til náttúruverndar hafa breyst mikið frá því byrjað var að undirbúa og byggja Kárahnjúkavirkjun. Þáverandi yfirvöld litu á náttúruverndarsinna og forystumenn þeirra nánast sem efnahagslega hryðjuverkamenn sem berðust gegn hverskonar framförum, en nú er ferðamannaiðnaðurinn orðinn stærsti atvinnuvegur landsins. Kannski er það fyrst nú sem allur almennigur er tilbúinn að horfast í augu við þá staðreynd að ekki var nóg með að sumar af helstu náttúruperlum landsins sem sárafaír þekktu og eitt magnaðasta útivistarsvæði þess væru eyðilögð með byggingu Kárahnjúkavirkjunar, heldur voru samningar íslenskra stjórnvalda við alþjóðlega álrísann Alcoa svo hraksmánarlegir að undrum sætir